



Hægri grænir, flokkur fólksins

Fréttatilkynning

Ný stefna Hægri grænna, flokks fólksins í fiskveiðistjórnun

Í hnotskurn:

- **Handfæraveiðar frjálssar á leyfilegum veiðitíma**
- **Veiðidagakerfi á botnfiskveiðum, óháð tegundum og magni**
- **Aflamarkskerfi á uppsjávarveiðum**
- **Veiðileyfi skilist inn ef útgerð hættir**
- **Framsál og veðsetningar óheimilar**
- **Öllum afla landað að viðlögðum leyfismissi**
- **Hámarka þjóðhagslegan virðisauka af auðlindinni**
- **Sölu og gæðamál í fyrirrúmi**
- **Engin sérsköttun á útgerðir**
- **Sem minnst opinber afskipti af greininni**

Greinargerð.

XG, Hægri grænir, flokkur fólksins, hefur mótað sér nýja stefnu hvernig ber að haga tilhögun fiskveiða á næstu árum. Staðreyndin er, að áratugalöng tilraun er mjög umdeild og hefur skapað mikið ósætti og óánægju meðal þjóðarinnar. Afli hefur stöðugt minnkað þrátt fyrir öll vísindi og ráðgjöf Hafró og ekkert er í sjónmáli annað en áframhaldandi óvissa og óánægja. Útgerðir hafa dregið saman seglin, fólk hefur misst atvinnuna og flúið gamlar heimabyggðir, sem eru sumar hverjar ekki svipur hjá sjón fyrir bragðið. Það er kominn tími til þess reyna aðra leið.

Ný tilhögun - Frjálssræði aukið

Kvótakerfið er orðin slitin flík. Sífelldar breytingar og stöðugt stag í götin hefur gert kerfið svo flókið, að erfitt er að hafa yfir það sýn. Útdeiling á kvótum og leyfum og sala þeirra eru stöðugt deilumál, talað er um að setja allt á uppboð, þar sem vel fjármagnaðir aðilar hefðu að sjálfsögðu yfirhöndina, en það er aðeins óánægjan, sem vex. Á sama tíma berast fréttir af rannsóknum erlendis frá, sem sýna að friðun hefur lítið upp á sig. Stórt svæði í Norðursjó var friðað með þeim afleiðingum, að þar er nú lítill sem enginn fiskur. Í Barentshafi, hins vegar, hefur veiði langt umfram tillögur hinnar hefðbundnu fiskifræði skilað stöðugt meiri þorskafla og engin merki eru þar um ofveiði. Reynslan sýnir, að ekki hefur tekist að segja til um stofnþróun ár fram í tímann og byggja spárnar á árgömlum gögnum, sem auk þess eru hæpin. Sóknarstýring nemur hins vegar breytingar á fiskstofnum um leið og þær koma fram. Því er er ljóst að það verður að hugsa upp á nýtt og að nýja stefnan verði sú að breyta núverandi kvótakerfi á botnfiskveiðum og koma á veiðidagakerfi, þar sem frjálssræði er aukið, en sértækar veiðar lúti áfram aflamarkskerfi m.a.vegna alþjóðlegra samninga um deilistofna. Hið nýja kerfi er íslenskt og miðar að því að hámarka þjóðhagslegan virðisauka af auðlindinni.

Gæði og sölumál í fyrirrúmi

Veiðar og vinnsla sjávarútvegsins hafa breyst þannig að í dag er iðnaðurinn markaðs og söludrifinn. Gæði, verð og stöðug afhending eftir óskum viðskiptavinarins, er það sem ræður för og gefur mest af sér. Því er það stefnan, að sölumálin verði í fyrirrúmi, þannig að hvert fyrirtæki fyrir sig skuli sækja um veiðileyfi sín

byggð á söluáætlunum fyrirtækisins. Þannig geti veiðidagar verið mismargir á milli tímabila og á þetta einnig að koma í veg fyrir óheftar magnveiðar.

Ný stjórnun

Hugmyndin er að koma á nýrri stjórnun fiskveiða með því

- að úthlutað verði árlega botnfiskveiðileyfum á báta á handfærum, sem nýta má að vild frá 1. sumardeg til 1. vetrardags. Leyfið verði óháð magni, tegundum og fiskstærð.
- að úthlutað verði botnfiskveiðidögum til stærri skipa til 3ggja til 6 mánaða í senn. Leyfið skal miðast við óskir viðkomandi fyrirtækis um veiðidaga, enda hafi það sýnt fram á þörfina vegna solumála sinna. Leyfið verði óháð tegundum, magni og stærð fiskjar.
- að settar verði umferðar og umgengnisreglur s.s. svæðaskipting skipa/veiðarfæra og vegna vertíða.
- að sérhæfum veiðum eins og krabbadyra, úthafskarfa og uppsjávarveiðum s.s. á loðnu, makríl, kolmunna og síld verði haldið aðskildum og að þær lúti aflamarksreglum. Að 2/3 uppsjávarveiðileyfa verði úthlutað á skip ár hvert samkvæmt reynslu og 1/3 jafnt á alla eftir stærð skipa án tillits til veiðireynslu eða samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins miðað við umsóknir og aðstæður hverju sinni.
- að leyfishafi verði að skila inn leyfinu ef hann hyggst hætta útgerð. Heimilt verði að færa leyfi á milli skipa innan sömu útgerðar. Framsal og veðsetning veiðileyfa og aflakvóta verði óheimil.
- að landa skuli öllum afla án tillits til tegundar eða stærðar og sem mest verðmæti gerð úr honum að viðlögðum leyfissmissi. Eitt brot og út. Brotkast verði þar með gert útlægt.

Allir hagnast

XG vonar að núverandi kvótahafar taki þessu vel, enda er ekki verið að taka neitt af þeim, heldur er í raun verið að rýmka möguleika til veiða. Hugsanleg veðbönd og eignfærslur einstakra útgerða eru atriði, sem koma opinberri stjórnun fiskveiða ekki við og eiga ekki gera það og engin bótaskylda er í spilunum. Leyfi til veiða er ekki verðmæti í sjálfu sér, heldur felst það í afurðunum, sem viðskiptavinir vilja kaupa. Menn geta áfram stýrt veiðum sínum og vinnslu eftir því hvað þeim er hagstæðast. Stóra dæmið og verkefnið er að koma á nýrri stjórnun á veiðum með áherslu á solumál, aukinn afla, skyldulöndun alls afla, hámarks nýtingu alls afla, auknum möguleikum á nýliðun og með þessu aukna velsæld fólksins í landinu, allra þegar upp er staðið. Og er það ekki góð tilhugsun, að bæirnir og þorpinn vítt og breytt um landið fái blóð og líf í æðarnar á ný ef það verður ein afleiðingin eða er til einhver betri byggðastefna en það?

Opinber afskipti sem mest út úr greininni

Sérsköttun á útgerðir verði afnumin. Aðalatriðið er að útvegurinn dafni og afrakstur, uppbygging og atvinna í landinu verði sem mest. Sjávarútvegsfyrirtækin, sjómennirnir, beitningafólkið, beinu, tengdu og afleiddu störfín og viðskiptin eiga að vera hinn eðlilegi tekjugrundvöllur ríkisins, eins og hjá öðrum stéttum og rekstri. Svigrúm verður að skapast til nýrra fjárfestinga, endurnýjun skipa og verksmíðja til þess að landið dragist ekki aftur úr í sívaxandi samkeppni. Gefa þarf slagkraft, en ekki draga úr honum. Hins vegar má hugsa sér að setja á einhvers konar mishátt afgjald af lönduðum afla, ekki af leyfunum, sem renni til ríkisins og nota það sem stjórnþeki til þess að hefta eða stýra sókn í tiltekna tegundir o.s.frv. Þá finnst flokknum, að iðnaðurinn eigi að standa undir þeim kostnaði, sem af honum hlýst hjá hinu opinbera þ.m.t. rekstur Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu.

Reykjavík 22 janúar 2013

Stjórn Hægri grænna, flokks fólksins – www.XG.is

Höfundaréttur © 2008 - 2013 [Hægri Grænir, flokkur fólksins](http://www.HægriGrænir.is) Allur réttur áskilinn.
Barónsstígur 47, gömlu Heilsuverndarstöðinni. 101 Reykjavík. - Kt. 470610-1150 - Sími:
692 4554 - Netfang: stjornmalaflokkur@gmail.com
Banki: 1161-26-2020